

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1240  
komudagur 14.12.2010



Fjármálaráðuneyti  
Fjármálaráðherra  
Lindargötu Arnarhvoli  
150 Reykjavík

SJÁVARÚTVEGS- OG  
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 150 Reykjavík  
sími: 545 8300 bréfasími: 532 1160  
postur@slr.stjr.is www.stjr.is/slr

Reykjavík 13. september 2010  
Tilv.: SLR10090033/3.1

Efni: Beiðni um að hlutast verði til um breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003.

#### I.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur forræði á lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Meðal markmiða laganna er að stuðla að framförum og aukinni hagkvæmni í búvöruframleiðslu og vinnslu og sölu búvara, til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur. Um framleiðslu mjólkur er fjallað í ýmsum ákvæðum laganna, einkum þó X. kafla, sem ber yfirsögnina: Um framleiðslu og greiðslumark mjólkur 2005-2014.

Í lögnum er mælt fyrir um ákvörðun heildargreiðslumarks, sem er tiltekið magn mjólkur, mælt í lítrum, sem beingreiðslur ríkissjóðs miðast við. Réttur ábúanda hvers lögbýlis til beingreiðslna í mjólk markast af hlutdeild býlisins í heildargreiðslumarki samkvæmt opinberri skrá. Um aðilaskipti (viðskipti) með greiðslumark eru nánari ákvæði í lögnum, sbr. einnig reglugerð nr. 430/2009 um markaðsfyrirkomulag við aðilaskipti að greiðslumarki mjólkur á lögbýlum.

#### II.

Um skattalega meðferð viðskipta með greiðslumark fer eftir lögum um tekjuskatt nr. 90/2003. Í 1. mgr. 32. gr. laganna segir að „stofnkostnað við kaup á framleiðslurétti í landbúnaði [megi] færa niður með jöfnum fjárhæðum á fimm árum.“ Þessu til fyllingar eru ákvæði 3. mgr. sömu lagagreinar, en þar segir að „niðurfærsla samkvæmt [þessu] [sé] heimil til frádráttar í fyrsta skipti á því ári þegar eignanna er aflað eða lagt er í kostnað þeirra vegna. [...]”

Að stofni til kom þessi heimild í lög með lögum nr. 111/1992 um breyting á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. einnig lög undir sama heiti nr. 60/1993. Undirrot laganna mun hafa verið umræða um skattalega meðferð á viðskiptum með fullvirðisrétt sem kom til athugunar við gerð búvörusamnings milli ríkis og bænda frá mars 1991. Í sérstakri bókun við samninginn sagði að skattaleg meðferð viðskipta með greiðslumark skuli ekki standa í vegi fyrir aðlögun framleiðslu að innanlandsmarkaði og hreyfanleika framleiðsluréttar. Um þetta má vísa til hjálagðs bréfs landbúnaðarráðuneytis til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, meðan frumvarp til laganna var til meðferðar, dags. 18. desember 1992.

Ráðuneytið fer þess hér með á leit við fjármálaráðherra að hann hlutist til þess að sérregla 1. mgr. 32. gr. laga um tekjuskatt verði felld úr gildi. Helstu rök eru þau að nú er ekki talin þörf á jafn örum skipulagsbreytingum í landbúnaði og álitíð var á sínum tíma. Þá má telja ljóst að reglan getur ýtt undir hærra verð á greiðslumarki en ella og með því leitt til hærri framleiðslukostnaðar og torveldað nýliðun í mjólkurframleiðslu. Því verður álitíð að sérreglan eigi ekki lengur rétt á sér.


### III.

Kaup á greiðslumarki eru í eðli sínu kaup á réttindum til tekjuöflunar um margra ára skeið og falla undir framtalsskyldar eignir skv. 72. gr. laga um tekjuskatt. Sem áður segir var uppi umræða, eða ágreiningur, um skattalega meðferð á fullvirðisrétti, síðar greiðslumarki, við setningu laga nr. 111/1992 um breyting á lögum um tekjuskatt og eignaskatt nr. 75/1981. Henni virðist hafa verið eytt með úrskurði ríkisskattaneftndar nr. 708/1991. Nefndin taldi eðlilegt að eignfæra slík réttindi, enda mætti jafna þeim til þeirra réttinda sem talin væru í 4. tl. 32. gr. laga nr. 75/1981, sbr. nú samhljóða ákvæði 4. tl. 33. gr. gildandi laga um tekjuskatt. Af þeirri ástæðu væri heimilt að fyrna kaup á þeim í samræmi við 7. tl. 1. mgr. 38. gr. laganna, sbr. nú samkynja ákvæði 7. tl. 37. gr. gildandi laga.

Vegna þessa er rétt að leggja áherslu á að auk afnáms greindrar sérreglu verði athugað með hvaða hætti megi tryggja að fyrningar verði ekki heimilaðar af kaupum greiðslumarks. Réttindi samkvæmt greiðslumarki eiga eftir eðli sínu að falla undir ákvæði 48. gr. laganna um ófyrnanleg réttindi. Um er að ræða verðmæti sem eyðast ekki þótt þau takmarkist af gildistíma búvörusamnings hverju sinni.

Að endingu er rétt að vekja athygli á því að engar athugasemdir eru gerðar við meðferð söluhagnaðar af greiðslumarki í landbúnaði, en í skattaframkvæmd mun hann geta fallið undir 15. gr. laga um tekjuskatt um frestun skattlagningar, ef aflað er samskonar eignar eða íbúðarhúsnæðis til eigin nota (sjá til upplýsingar bindandi álit ríkisskattstjóra nr. 6/2005).

Fyrir hönd ráðherra

  
Sigurgeir Þorgeirsson

  
Arnór Snæbjörnsson

Fylgiskj.: Bréf landbúnaðarráðuneytis til efnahags- og viðskiptaneftndar Alþingis, dags. 18. desember 1992.

Ljósrit: Ríkisskattstjóri,  
Bændasamtök Íslands.



Fjármálaráðuneyti  
Lindargötu Arnarhvoli  
150 Reykjavík

SJÁVARÚTVEGS- OG  
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 150 Reykjavík  
sími: 545 8300 bréfasími: 552 1160  
postur@slr.stjr.is www.stjr.is/slr

Reykjavík 15. mars 2010  
Tilv.: SLR09120097/11.5.4

Efni: Tillaga um að Fiskræktarsjóður verði gerður undanþeginn skyldu til greiðslu fjármagnstekjuskatts.

Fiskræktarsjóður er sjálfstæður sjóður í eigu ríkisins og á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Sjóðurinn hefur það hlutverk að veita lán eða styrki til verkefna sem þjóna þeim markmiðum að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu, styðja við rannsóknir í ám og vötnum og auka verðmæti veiða úr þeim. Sjóðurinn var settur á fót árið 1957. Frá þeim tíma naut hann 2% af hreinum leigutekjum af veiði og 3% gjald af vergum (óskírur) tekjum af sölu á raforku. Í upphafi var þar um að ræða sölu á orku til almennings. Með 27. gr. laga nr. 50/1998 var hins vegar gerð sú breyting að einnig skyldi greitt gjald af sérsamningum til nýrra stórnótenda. Greiðsluskylda þessi var gagnrýnd af ýmsum ástæðum, m.a. fyrir að vera óskýr og óeðlileg.


Með nýjum lögum um Fiskræktarsjóð nr. 72 11. júní 2008, var álagningu á raforkusölu hætt. Sjóðnum var bætt það upp með eingreiðslu úr ríkissjóði að fjárhæð 270 millj. kr., sem myndar eigið fé sjóðsins. Eigið fé skal ávaxta í banka og má ekki rýrna miðað við verðtryggingu frá 1. janúar 2008. Úthluta skal árlegum arði af eigin fé. Með þessu var stefnt að því að gera sjóðinn ámóta vel settan og ef innheimta af tekjum af raforkusölu hefði haldist óbreytt.

Þetta stefnumið hefur fjarri því tekist. Í hjálögðu bréfi stjórnar Fiskræktarsjóðs til efnahags- og skattanefndar Alþingis dags. 7. desember 2009 var óskað eftir því að sjóðurinn verði undanþeginn skattskyldu á fjármagnstekjur eins og aðrir opinberir sjóðir, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 94/1996 (t.d. Byggðastofnun, Framleiðnisjóður landbúnaðarins og Lánasjóður íslenskra námsmanna). Í bréfinu segir: „Ljóst má vera að skattlagning fjármagnstekna sjóðsins gerir það að verkum að það markmið, að bæta sjóðnum tekjumissinn vegna lagabreytingarinnar 2008, næst engan veginn.”

Samkvæmt hjálögðu foráliti Ríkisskattstjóra dags. 3. febrúar sl. ber Fiskræktarsjóði að greiða fjármagnstekjuskatt. Lagt er til að fjármálaráðherra hlutist til um að gerð verði lagabreyting svo að sjóðurinn verði undanþeginn þeirri skattskyldu. Með því má endurreisa sjóðinn til að verða sá bakhjarl rannsókna í ám og vötnum sem að var stefnt með nýjum lögum um sjóðinn.

Fyrir hönd ráðherra

  
Sigurgeir Þorgeirsson

  
Arnór Snæbjörnsson



DAGSETNING

TILVÍSUN

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið  
vt. Arnór Snæbjörnsson  
deildarstjóri  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. febrúar 2010 02-2010020033

SJÁVARÚTVEGS OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ	
Skj. nr.	11.5.9
Inn.	
04. FEB. 2010	
Áhr.	IS
SLR	8912009E

### Svar við fyrirspurn sem barst með tölvupósti þann 10. desember 2009.

Ríkisskattstjóri hefur þann 10. desember 2009 móttengið fyrirspurn yðar þar sem óskað er eftir að ríkisskattstjóri gefi álit sitt á því hvort að Fiskræktarsjóði beri að greiða fjármagnstekjuskatt.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 72/2008 er Fiskræktarsjóður sjálfstæður sjóður í eigu ríkisins og á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem hefur það hlutverk að veita lán eða styrki til verkefna sem þjóna þeim markmiðum að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu, styðja við rannsóknir í ám og vötnum og auka verðmæti veiði úr þeim. Fiskræktarsjóður er talinn með stofnunum ríkisins í A-hluta Fjárlaga 2009 undir fjárlaganúmerinu 04-843 en tekjur sjóðsins eru samkvæmt 4. gr. laga nr. 72/2008, innheimt gjald af veiðitækjum, arður af eigin fé, fjárveiting úr ríkissjóði og annað.

Í 1. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er kveðið á um að ríkissjóður, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki sem hann rekur og ber ótakmarkaða ábyrgð greiði ekki tekjuskatt.

Samkvæmt framansögðu telst Fiskræktarsjóður undanþeginn tekjuskattskyldu sbr. áður nefnt ákvæði 1. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Í 4. mgr. 71. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, kemur aftur á móti fram að lögaðilar sem undanþegnir eru skattskyldir samkvæmt áður nefndum 1. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003, skuli greiða tekjuskatt af fjármagnstekjum samkvæmt 3., 4. og 5. tölul. C-liðar 7. gr. laganna sem og 8. tölul. sama staflíðar 7. gr. að því er varðar söluhagnað af hlutabréfum.

Í 5. mgr. 71. gr. áðurgreindra laga um tekjuskatt eru taldir upp þeir aðilar sem undanþegnir eru skattskyldu samkvæmt 4. mgr. 71. gr. og er Fiskræktarsjóð ekki að finna í þeirri upptalningu og telst því sem slíkur af framangreindri ástæðu skattskyldur af fjármagnstekjum eftir því sem þær falla til. Undantekningar frá skattskyldu sæta almennt þröngri lögskýringu og taka ekki til annarra en lög afmarka með skilmerkilegum hætti í hverju tilviki.

Staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts leiðir af framangreindu eftir því sem við á, sbr. 2. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Að framangreindu virtu ber Fiskræktarsjóði að greiða 18% fjármagnstekjuskatt af tilteknum fjármagnstekjum, en tekjurnar eru:


- vextir, verðbætur, afföll og gengishagnaður
- arður af hlutum og hlutabréfum í félögum, sbr. 11. gr.
- fé sem félög þau sem um ræðir í 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. færa félagsaðilum sínum til séreignar í stofnsjóði vegna viðskipta þeirra
- söluhagnaður af hlutabréfum


Niðurstaða:

Samkvæmt framansögðu telst Fiskræktarsjóður, þrátt fyrir að teljast undanþeginn skattskyldu skv. 1. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skattskyldur af tekjum sínum samkvæmt 3., 4., 5. og 8. tölul. C-liðar 7. gr., sbr. 4. mgr., sbr. og 5. mgr. 71. gr. tilvitnaðra laga. Af framangreindri skattskyldu leiðir jafnframt skylda til að sæta staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts samkvæmt 2. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjum.

Beðist er velvirðingar á því hve langur dráttur hefur orðið á úrlausn þessa máls.

Virðingarfyllst  
f. h. ríkisskattstjóra

  
Guðrún J. Jónsdóttir

  
Ingvar J. Rögnvaldsson

Reykjavík 7. desember, 2009

Efnahags- og skattanefnd  
Helgi Hjörvar formaður  
Lilja Mósesdóttir varaformaður  
Alþingi  
150 Reykjavík

Þar sem lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur eru nú til meðferðar á Alþingi óskar stjórn Fiskræktarsjóðs þess að gerðar verði þær breytingar á lögnum að sjóðurinn verði undanþeginn skattskyldu líkt og aðrir opinberir sjóðir sbr. 2. mgr. 2. gr laga nr. 94/1996.

Fyrir beiðni þessari eru eftirfarandi ástæður:

Með lögum nr. 72/2008 var gerð breyting á tekjustofnum Fiskræktarsjóðs. Ákvæði um greiðsluskyldu raforkuframleiðenda voru felld brott en í staðinn kom eingreiðsla úr ríkissjóði, sbr bráðabirgðaákvæði laganna, sem sjóðurinn ávaxtar. Í aths með lagafrumvarpinu segir:

“ Tekjustofnar Fiskræktarsjóðs hafa frá upphafi verið 2% gjald af hreinum leigutekjum af veiði og 3% gjald af vergum (óskírum) tekjum af sölu á raforku. Í upphafi var þar um að ræða sölu á orku til almennings. Með 27. gr. laga nr. 50/1998 var hins vegar gerð sú breyting að einnig skyldi greitt sama gjald af sérsamningum til nýrra stórnotenda. Með þessu frumvarpi er ráðgert að aflétta allri álagningu gjalds af tekjum af sölu raforku en bæta sjóðnum það upp með eingreiðslu úr ríkissjóði að fjárhæð 270 millj. kr. sem gera mun sjóðinn ámóta vel settan og ef innheimta af tekjum af raforkusölu hefði haldist óbreytt”.

Eins og fram kemur í athugasemdum var það markmið löggjafans að Fiskræktarsjóður yrði jafnsettur eftir að greiðsluskylda raforkuframleiðenda var felld niður. Með lögnum varð sú meginbreyting á sjóðnum að sjóðurinn er ekki lengur gegnumsteymissjóður, þar sem greiðslum gjaldenda til hans var úthlutað til styrkveitinga hverju sinn. Nú myndar ávöxtun höfuðstóls sbr. 7. og 8. gr. 1 72/2008 þann hluta tekna sjóðsins sem áður komu frá seljendum raforku.

Ljóst má vera að skattlagning fjármagnstekna sjóðsins gerir það að verkum að það markmið, að bæta sjóðnum tekjumissinn vegna lagabreytingarinnar 2008, næst engan veginn. Hér er því sett fram ósk við háttvirta Efnahags- og skattanefnd Alþingis um að nefndin gerði tillögu um breytingu á lögum 94/1996 til að ráða bót þar á.

Með þeirri breytingu sem hér er óskað eftir er aflétt skattskyldu af Fiskræktarsjóði til samræmis við aðra opinbera sjóði s.s. Framleiðnisjóð landbúnaðarins og Byggingastofnun.

Stjórn Fiskræktarsjóðs

Jóhanna Pálmadóttir formaður

